



DALVÍKURBYGGÐ

---

# ÁRSKÓGSSANDUR DALVÍKURBYGGÐ

DEILISKIPULAGSLÝSING  
DESEMBER 2023

## Efnisyfirlit

<b>1. Inngangur .....</b>	<b>1</b>
<b>2. Tilgangur lýsingar.....</b>	<b>2</b>
2.1    Málsmeðferð og kynning lýsingar .....	2
<b>3. Núgildandi stefna og forsendur.....</b>	<b>3</b>
3.1    Afmörkun skipulagssvæðis .....	3
3.2    Aðdragandi og tilgangur skipulagsbreytinga .....	3
3.3    Íbúaþróun og búsetukostir .....	3
3.4    Uppbygging svæðisins .....	4
3.5    Landsskipulagsstefna .....	5
3.6    Svæðisskipulag Eyjafjarðar 2012-2024.....	5
3.7    Sóknaráætlun Norðurlands eystra .....	6
<b>4. Meginmarkmið og leiðir.....</b>	<b>6</b>
4.1    Meginmarkmið fyrir svæðið í Aðalskipulagi .....	6
4.2    Stefna í aðalskipulagi .....	6
<b>5. Viðfangsefni.....</b>	<b>7</b>
5.1    Forsendur og markmið .....	7
5.2    Viðmið og efnitök deiliskipulags .....	7
<b>6. Umhverfis- og áhrifapættir .....</b>	<b>8</b>
<b>7. Tengsl við aðrar áætlanir .....</b>	<b>9</b>
<b>8. Samráð og kynning .....</b>	<b>9</b>
<b>9. Ferill máls og gögn .....</b>	<b>10</b>
9.1    Ferill máls.....	10
9.2    Gögn .....	10

## 1. Inngangur

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 og skipulagsreglugerð nr. 90/2013 er unnin lýsing fyrir tillögu að breytingu á gildandi aðalskipulagi og nýtt deiliskipulag fyrir íbúasvæði á Árskógrssandi. Um er að ræða svæði 705-íb, 706-íb, 707-íb og opið svæði 702-Ó sem breytt er með aðalskipulagsbreytingu í íbúðasvæði 702-íb. Íbúðarsvæði 702-íb verður hluti af tillögu á deiliskipulagi íbúðabyggðar fyrir skipulagssvæðið. Á reitnum er gert ráð fyrir lóðum fyrir blandaða íbúabyggð.

Tafla 1 Skipulagsforsendur uppbyggingar.

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
705-íb	6,6 ha	Árskógrssandur. Núverandi íbúabyggð	Núverandi byggð er dreifð og margar lóðir óbyggðar við núverandi gatnakerfi	Uppbygging skv. deiliskipulagi. Húsagerðir taki mið að núverandi byggð.
706-íb	1,2 ha	Árskógrssandur. Norðan Aðalbrautar.	Tvö stök hús standa á reitnum, annars er reiturinn óskipulagður.	Sérþýlishús, blönduð byggð. Þéttleiki 8-12 íb/ha.
707-íb	2,7 ha	Árskógrssandur. Sunnan Aðalbrautar.	Óbyggt land.	Sérþýlishús, blönduð byggð. Þéttleiki 8-12 íb/ha.
702-Ó	4,2 ha	Óbyggt svæði.	Óbyggt svæði.	Ætlað er til framtíðarnota fyrir þéttbýli.

Reitur 705-íb er um 6.5 hektarar af stærð, reitur 706-íb er um 1.2 hektarar af stærð, reitur 707-íb er um 2.7 hektarar af stærð, samtals um 10.4 hektarar af stærð, við það bætist reitur 702-Ó sem er um 4,2 hektarar af stærð.

Svæðin eru skilgreind með landflokkun sem íbúasvæði samkvæmt samþykktu Aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008-2020 og gert er ráð fyrir sérþýlishúsum, blandaðri byggð og miðað er við að þéttleiki svæðisins skuli vera 8-12 íbúar á hektara.

Skipulagslysing er unnin með hliðsjón af gildandi Aðalskipulag Dalvíkurbyggðar 2008-2020 og 1. mgr. 30. gr. skipulagslag nr. 123/2010 vegna aðalskipulagsbreytingar og 1. mgr. 40.gr. sömu laga vegna tillögu að deiliskipulagi sama svæðis.

Megináhersla er að á svæðinu verði boðið upp á fjölbreytta búsetukosti í samræmi við Húsnæðisáætlun Dalvíkurbyggðar 2021-2029 með framboði einkum á par-, rað-, og tvíþýlishús ásamt einbýlishúsum.

Tafla 2 Fjöldi íbúða.

Lýsing	Fjöldi	Forsendur
Fjöldi íbúða á Árskógrssandi	46 íbúðir	Íbúðir sem eru til staðar í dag, hluti heildarfjölda íbúða á svæðinu.
Skipulagsforsendur fyrir svæðið	84-124 íbúðir	8-12 íb/ha.
Nýjar íbúðir í skipulagi	38-78 íbúðir	Viðbót við núverandi íbúðir í skipulagstillögu

Gert er ráð fyrir að uppbygging geti verið áfangaskipt miðað við hagkvæma uppbyggingu og framboð á fjölbreyttum búsetukostum.

Leitast verður við að samþætt byggðarmynstur við núverandi byggð og umhverfi með val á byggingarefnum, litavali og landmótun. Hugað verði að kolefnisfótspori byggðar með vali á vistvænu

byggingarefni og sampætta blágrænar ofanvatnslausnir inn í skipulagið sérstaklega við útfærslu leik- og dvalarsvæða.

## 2. Tilgangur lýsingar

Við gerð aðal- og/eða deiliskipulagstillögu þarf sveitarstjórn að taka saman lýsingu á verkefninu og kynna fyrir Skipulagsstofnun, almenningi og öðrum hagsmunaaðilum. Lýsing er eins konar verkáætlun um móton tillögu að verulegri breytingu eða endurskoðun á gildandi skipulagi þar sem tildögum og forsendum skipulagsgerðarinnar er lýst og áherslur sveitarstjórnar dregnar fram. Lýsing skal unnin samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 og skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Skipulagslysing er gerð til að tryggja aðkomu almennings og hagsmunaaðila að skipulagsferlinu og stuðla að aðgengi að upplýsingum og auka gagnsæi í ferlinu. Gerð og kynning skipulagslysingar er á ábyrgð sveitastjórnar og ætluð til að auka yfirsýn sveitarfélagsins og öðrum sem koma að ferlinu yfir verkefninu og stuðla að markvissum vinnubrögðum.

Ef gerð deiliskipulags kallar á breytingu á aðalskipulagi er eðlilegt að meginforsendur fyrir skipulagssvæðið komi fram í aðalskipulagsbreytingunni en jafnframt er að hægt að kynna breytingar á aðal- og deiliskipulagi samhliða.

Í lýsingu á jafnframt að gera grein fyrir hvernig staðið verður að umhverfismati við móton skipulagstillögunnar, hvort heldur sem það byggir á skipulagslögum eða lögum um umhverfismat áætlana.

### 2.1 Málsmeðferð og kynning lýsingar

Að lokinni umfjöllun skipulagsráðs og sveitarstjórnar, eftir atvikum, er lýsingin kynnt með áberandi hætti. Lýsingin skal send til umsagnar Skipulagsstofnunar og annarra umsagnaraðila sem hlut geta átt að máli.

Lýsing skal vera aðgengileg á skrifstofu og á heimasíðu sveitarfélagsins. Í auglysingu á að koma fram hvert og hvernig skila skuli inn ábendingum um efni lýsingarinnar og innan hvaða tíma frests.




**Mynd 1** Ferli og málsmeðferð lýsingar.

Sveitarstjórn/skipulagsráð skal hafa hliðsjón af umsögnum og ábendingum sem henni berast frá almenningi og hagsmunaaðilum við gerð tillögunnar en ekki er gert ráð fyrir að svara þurfi innsendum ábendingum með formlegum hætti.

## 3. Núgildandi stefna og forsendur

### 3.1 Afmörkun skipulagssvæðis

Afmörkun skipulagssvæðisins miðast við reiti svæði 705-Íb, 706-Íb, 707-Íb og 702-Ó í Aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008-2020. Innan hvers reits er íbúabyggð og skilgreindar lóðir, skipulagssvæðið er austan við athafnarsvæði 703-A og verslunar- og þjónustusvæði 704-V og liggur svæði 705-Íb að hafnarsvæði, sjá **mynd 2**.



**Mynd 2** Til vinstri, mynd úr aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008-2020 með síðari breytingum. Til hægri, loftmynd af svæðinu af kortavef Dalvíkurbyggðar, svæðið sýnt skematiskt með rauðum hring.


### 3.2 Aðdragandi og tilgangur skipulagsbreytinga

Aðdragandi skipulagsgerðar er að fyrir liggur samþykkt aðalskipulag fyrir svæðið þar sem er gert ráð fyrir uppbyggingu sérbýlis í samræmi við uppbyggingaráform sveitarstjórnar Dalvíkurbyggðar á reitum 705-Íb, 706-Íb og 707-Íb í samræmi við Húsnaðisáætlun Dalvíkurbyggðar 2021-2029.

Í Húsnaðisáætlun Dalvíkurbyggðar 2021-2029 er gert ráð fyrir því að auka framboð á par-, rað-, og tvíbýlishús ásamt einbýlishúsum í sveitarféluginu. Á reitum 705-Íb, 706-Íb, 707-Íb og 702-Ó (702-Ó) er gert ráð fyrir á uppbyggingu íbúðum á skipulagssvæðinu og miðað er við áfangskiptingu sem miðar að hagkvæmri uppbyggingu búsetukosta. Markmið deiliskipulagsgerðar er að skipuleggja aðlaðandi íbúðarhúsahverfis með traustum innviðum, almenningssvæðum og fjölbreyttum sérbýlishúsnaðiskostum.

### 3.3 Íbúaþróun og búsetukostir

Í Aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008-2020 var horft til þess að mögulega yrði áframhaldandi fækken um 0,5% á ári, en jafnframt sett fram háspá sem fylgir landsmeðaltali eða 1% árlegri fjölgun. Samkvæmt þeirri spá væri íbúðaþörf áætluð allt að 120 íbúðir, þar af um 30 utan Dalvíkur, ef íbúaþróun yrði samkvæmt háspánni. Áætluð íbúðaþörf var metin u.þ.b. 10 íbúðir á ári fyrir tímabilið 2008 - 2020.



Mynd 3 Mannfjöldaspá Hagstofu Íslands fyrir Dalvíkurbyggð (Hagstofa Íslands 2019).

Mannfjöldi í ársþyrjun 2023 í Dalvíkurbyggð var 1.906 íbúar. Mannfjöldaspár miða við að íbúafjöldi verið í miðgildi um 1.915 +/- 140 íbúar en íbúa við. Gert er ráð fyrir að hlutfall aldraðra hækki á tímabilinu til ársins 2031 og að meðalstærð íbúðaeininga muni halda áfram þeirri þróun að fara minnkandi. Miðað við íbúaþróun og Húsnæðisáætlun Dalvíkurbyggðar 2021-2029 er þörf á auknu framboði af sérbýlum í sveitarfélagini.

### 3.4 Uppbygging svæðisins

Svæði 705-Íb er svæði þar sem nokkur byggð er fyrir og má ætla að svæðið sé að mestu leyti mótað og lóðir verði skilgreindar þar sem rými er til staðar og skipulag suðurhluta þess svæðis. Svæði 706-Íb er tún og er flatlendi þar sem fyrir eru nokkur hús en svæðið er að mestu óbyggt. Svæði 707-Íb er svæði þar sem afmörkuð eru stór svæði fyrir núverandi húsnæði og að komi verði fyrir lóðum á aðliggjandi svæði og á suður hluta þess svæðis.

Ekki er gert ráð fyrir verslun- og þjónustu á neinum af þessum reitum en afstaða skal tekin til hvort og á hvaða reitum leyfisskyld gistiþarfsemi verði heimilið.

Skipulagssvæðið í heild sinni liggar að svæði 705-A, 704-V til vesturs og að hafnarsvæði til norð- og norðvesturs. Ekki liggar fyrir skilgreind landnotkun eða skipulagsáform fyrir svæðið austan við, sunnan við, né vestan við fyrir neðan svæði 705-A.

Svæðið er með góðar vegtingingar í dag og gert er ráð fyrir að viðhalda núverandi vegtingingum en möguleg þróun svæðis 702 gæti kallað á gatnagerð innan þess svæðis sem myndi þá líka þjónustu byggð á reitum 705-Íb og 706-Íb.

### 3.5 Landsskipulagsstefna

Gera þarf grein fyrir hvernig tillaga að uppbyggingu á reit 405-íb er í samræmi við áherslu landsskipulagsstefnu og útfærir einstaka þætti stefnunnar. Landsskipulagsstefna setur fram áherslur í æskilegri þróun byggðar sem ætlað er að sé náð fram í aðalskipulagi sveitarfélaga og útfært nánar í deiliskipulagi. Eftirfarandi þættir landsskipulagsstefnu tengjast á einn eða annan hátt útfærslum við tillögu að deiliskipulagi og er í samræmi við gildandi aðalskipulag Dalvíkurbyggðar og þau markmið og stefnu sem þar er sett fram.

- Skipulag er ætlað að stuðla að sjálfbærri þróun
- Samfélagsbreytingum sem tengjast breyttri aldurssamsetningu, elstu aldursflokkunum
- Umhverfisbreytingar af völdum loftslagsbreytinga
- Seigla og sveigjanleiki skipulags
- Skipulag byggðar getur stuðlað að samkeppnishæfni
- Styrkja innvið með hagkvæmari uppbyggingu
- Efla slagkraft viðkomandi svæðis
- Varðveisita náttúru- og menningargæði
- Tekið sé mið af þekkingu um náttúrvá við ákvarðanir um mannvirkjagerð
- Skipulag byggðar og þróun þéttbýlis stuðli að samkeppnishæfni
- Styrkja samkeppnishæfni og þol byggðar
- Skipulag byggðar stuðli að sjálfbærri þróun þéttbýlisstaða

### 3.6 Svæðisskipulag Eyjafjarðar 2012-2024

Svæðisskipulag Eyjafjarðar 2012-2024 var staðfest 4. febrúar 2014 og nær til allra sveitarfélaganna við Eyjafjörð. Suðurmörk skipulagssvæðisins eru við mörk svæðisskipulags miðhálendisins en hluti Eyjafjarðarsveitar er innan marka þess. Dalvíkurbyggð er hluti af svæðisskipulagi Eyjafjarðar 2012-2024.

Helstu áherslur og leiðarljós Svæðisskipulags Eyjafjarðar 2012-2024 sem huga þarf að við skipulagsgerðina eru:

- Sterkir innviðir
- Sjálfbærar lausnir í samgöngum
- Sjálfbært skipulag þéttbýlis
- Fjölbreyttir búsetukostir
- Traust atvinnulíf
- Hagkvæmt byggðarmynstur
- Góðar og öruggar vegasamgöngur
- Hugað sé að yfirbragði byggðar
- Aðlaga nýja byggð að núverandi byggðarmynstri

- Efla úrgangsmeðhöndlun
- Byggðarþróun hafi jákvæð áhrif á samfélag, atvinnulíf og þjónustukerfi
- Möguleikar til fjölbreyttrar útvistar

### 3.7 Sóknaráætlun Norðurlands eystra

Tilgangur sóknaráætlana samkvæmt SSNE er bæði að ná fram betri nýtingu fjármuna og að færa ákvarðanatöku nær þeim sem þekkja best til aðstæðna á hverjum stað. Sóknaráætlun Norðurlands eystra er unnin í samvinnu við sveitarfélög, ríkisstofnanir, atvinnulíf, menningarlíf, fræðasamfélag, íbúa og aðra haghafa.

Við gerð Sóknaráætlunar Norðurlands eystra 2020-2024 var tekið mið af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og einstök markmið og aðgerðir tengd við tilheyrandi heimsmarkmið.

Framtíðarsýn málaflokka sóknaráætlun Norðurlands eystra sem tengjast skipulagsgerð:

- Sterkir innviðir
- Góðar samgöngur
- Aukin vitund í umhverfismálum
- Lagning fleiri göngu- og hjólastíga
- Styrkja innviði í landshlutanum
- Auka trjárækt og bindingu

## 4. Meginmarkmið og leiðir

Í greinargerð Aðalskipulags Dalvíkurbyggðar 2008-2020, kafla 4.3.3 er fjallað um íbúðarsvæði 705-íb, 706-íb og 707-íb þar sem fram kemur meginmarkmið fyrir svæðið og áhersla sveitarfélagsins tilgreind.

### 4.1 Meginmarkmið fyrir svæðið í Aðalskipulagi

Í gildi er Aðalskipulag Dalvíkurbyggðar 2008-2020 fyrir svæðið. Í aðalskipulaginu er fyrst og fremst lögð áhersla á að á svæðinu verði einbýlishús, parhús og raðhús. Felld eru út íbúðarsvæði til framtíðarnota en þess í stað skilgreindir nánar möguleikar á íbúðarbyggð meðfram Aðalbraut í fallegu umhverfi vestan Þorvaldsdalsá. Svæði 702, sem skilgreint er sem óbyggt svæði, er ætlað undir hugsanlega íbúðarbyggð í framtíðinni og verður ekki tekið til annarra nota.

### 4.2 Stefna í aðalskipulagi

Í Dalvíkurbyggð skulu vera góð búsetuskilyrði fyrir alla. Þar skal vera öflugt, fjölbreytt og framsækið atvinnulíf sem m.a. byggist á sérstöðu svæðisins, sterkum sjávarútvegi og fullvinnslu sjávarafurða, nýsköpun í landbúnaði og menningar- og náttúrutengdri ferðaþjónustu. Umhverfismál, náttúruvernd

og tengsl við sögu og söguminjar skulu höfð að leiðarljósi við skipulag og uppbyggingu byggðar og atvinnulífs.

Deiliskipulag fyrir svæðið skal taka mið af meginmarkmiðum fyrir íbúasvæði sem sett eru fram í Aðalskipulags Dalvíkurbyggðar 2008-2020:

- Sveitarstjórn leggur áherslu á fjölbreytta búsetukosti, og að þróun byggðar í sveitarfélagini öllu endurspegli bestu eiginleika hvers staðar.
- Ávallt verði nægt framboð byggingarlóða, bæði fyrir íbúðarhús og hvers kyns atvinnuhúsnæði.
- Lögð skal rík áhersla á náttúruvernd og tekið tillit til söguminja við nýtingu lands og landgæða.
- Tekið skal mið af sjónarmiðum um sjálfbæra þróun samfélags og byggðar við skipulag og uppbyggingu sveitarfélagsins.
- Sérstök áhersla skal lögð á að gera útvistarsvæði sveitarfélagsins aðgengileg og eftirsótt.
- Lagningu göngustíga og tengja ný svæði við núverandi stígakerfi.
- Stuðlað að aukinni útvist, hollri hreyfingu og vistvænum samgönguháttum.

## 5. Viðfangsefni

### 5.1 Forsendur og markmið

Árskóngssandur er sjávarþorp á Árskógsströnd sem er norðan við ósa Þorvaldsdalsár með íbúafjölda upptá rúmlega 130 manns. Árskóngssandur er með góðar samgöngutengingar við þjóðveg 82 skammt sunnan við Þorvaldsdalsá og áætlunarsiglingar eru frá Árskóngssandi til Hríseyjar

Við skipulag svæðisins verði miðað við að þéttleiki byggðar á reitnum verði á bilinu 8-12 íb/ha og að á svæðinu verði blönduð byggð einbýlishúsa, raðhúsa og parhúsa á einni til tveimur hæðum. Gert er ráð fyrir opnum svæðum og leiksvæðum á reitnum sem ekki eru sýnd í aðalskipulagi fyrir svæðið en að afmörkun þeirra sé ákveðin í deiliskipulagi svæðisins.

Gert er ráð fyrir að helstu framkvæmdabættir séu mannvirkjagerð, gatnagerð ásamt stofnlagnakerfi, ofanvatnslausnir og frágangur umhverfis og lóða. Mikilvægt er að tengja svæðið við núverandi gatna- og stígakerfi.

### 5.2 Viðmið og efnitök deiliskipulags

Efnistök deiliskipulagsvinnu eru að skilgreina samsetningu byggðar, skiptingu milli tegunda húsnæðis, legu og útfærslu gatna- og stígakerfis, græn- og almenningssvæði og tengingar við aðliggjandi svæði. Afmörkun lóða getur tekið breytingum við vinnu á deiliskipulagsstigi þar sem umfang og stærð mannvirkja og innviða er hönnuð.

Gera skal grein fyrir lóðum, götum, stígum og öðrum innviðum í samræmi við landnotkun og setja skilmála fyrir lóðir og uppbyggingu svæðisins. Gerð verði grein fyrir þéttleika og yfirbragði bygginga.

Skipulagið samanstendur af fjölbreyttum byggingum í samræmi við áherslu í húsnæðisskýrslu Dalvíkurbyggðar. Gera skal ráð fyrir lóðum eða svæðum fyrir eftirfarandi þætti:

- Einbýlishús
- Parhús
- Raðhús
- Stígakerfi
- Gatnakerfi
- Tjarnir eða söfnunarsvæði vatns
- Blágrænar ofanvatnslausnir
- Spennistöð
- Græn svæði
- Almenningssvæði
- Leiksvæði
- Bílastæði, græn bílastæði ( bílstæði með gegndræpu yfirborði)
- Snjósöfnunarsvæði

Endanleg hönnun og útfærsla verði sýnd á uppdráttum deiliskipulagstillögu.

Í tillögu að deiliskipulagstillögu verða skilgreindir skilmálar fyrir svæðið, bæði almennir og sérskilmálar fyrir lóðir.

Í deiliskipulagsgögnum fyrir lóðina skal tilgreint m.a.

- skilmálatafla reita/lóðar
- almennir og sérskilmálar
- möguleg umhverfisáhrif
- mannvirki á lóð og innviði og húsagerðir
- stærð lóðar og aðrar lóðaupplýsingar
- leyfilegt byggingarmagn lóðar
- nýtingarhlutfall lóðar
- heimilaður fjöldi hæða hvers mannvirkis
- hámarkshæð húsa innan reits
- hámarkshæð hverrar hæðar
- afstöðumyndir
- sneið A-B og fl.
- byggingalýsing
- vegir og helstu samgönguleiðir, bíla- og hjólastæði

## 6. Umhverfis- og áhrifapættir

Gerð verður grein fyrir umhverfisáhrifum af breytingu á aðalskipulagi í samræmi við 5. mgr. 12. gr. skipulagslag nr. 123/2010 og gr. 4.4. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Við gerð deiliskipulags skal meta áhrif af fyrirhuguðum framkvæmdum og starfsemi á aðliggjandi svæði og einstaka þætti áætlunarinnar sjálfrar svo sem á eftirfarandi þætti:

- Vistkerfi
- Auðlindir

- Landslag
- Ásýnd
- Útsýni
- Hljóðvist
- Loftgæði
- Hagkvæmi
- Veðurfar
- Varðveislugildi
- Svipmót byggðar og einstakra bygginga
- Áhrif a landmótun, skógrækt

Deiliskipulagið fellur ekki undir lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana þar sem það felur ekki í sér framkvæmdir sem eru taldar upp í 1. viðauka laganna. Aftur á móti verður gerð grein fyrir áhrifum deiliskipulagsins á umhverfið í samræmi við gr. 5.4 skipulagsreglugerðar nr. 90/2013.

Þar kemur fram að gera skal grein fyrir matinu og niðurstöðu þess í greinargerð deiliskipulagsins. Jafnframt skal því lýst hvernig skipulagið samræmist markmiðum skipulagsreglugerðar, sbr. 1.1. gr. og markmiðum deiliskipulags, sbr. 5.1.1. gr.

Ef í ljós kemur að fyrirhugaðar framkvæmdir eða starfsemi geta haft neikvæð áhrif á umhverfið skal gera breytingar á deiliskipulagstillöggunni til að draga úr hinum neikvæðu áhrifum eða rökstyðja af hverju það er ekki gert. Setja skal skilmála um vöktun áhrifa og um hvernig bregðast eigi við umhverfisvandamálum eftir því sem þörf er á.

## 7. Tengsl við aðrar áætlanir

Fyrir liggar Húsnæðisáætlun Dalvíkurbyggðar 2021-2029 og gera skal grein fyrir hvaða áhrif og hvernig uppbrygging suðursvæðis samræmist þeirra áætlun og öðrum sértækum áætlunum sveitarfélagsins sem gætu orðið fyrir áhrifum.

Þörf er á að styrkja innviði líkt og fráveitu fyrir svæðið og huga að tengingu við rafmagn, heitt vatn og vatnsveitu.

## 8. Samráð og kynning

Skipulagslysing er unnin skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem fram kemur að gera skal grein fyrir hvernig kynningu og samráði við íbúa sveitarfélagsins og aðra hagsmunaaðila verði háttar.

Eftirfarandi er greining á þeim hagsmunaaðilum sem nú þegar hafa komið að verkefninu og þeim sem koma munu að því á seinni stigum.

- Sveitastjórn Dalvíkurbyggðar
- Skipulagsráð Dalvíkurbyggðar

- Skipulagsstofnun
- Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra
- Umhverfisstofnun
- Minjastofnun
- Rarik
- Landsnet
- Veitustofnanir
- Íbúar Dalvíkurbyggðar

Lýsing verður aðgengileg á skrifstofu og á heimasíðu sveitarfélagsins [www.dalvikurbyggd.is](http://www.dalvikurbyggd.is). Í auglýsingu mun koma fram hvert og hvernig skila skuli inn ábendingum um efni lýsingarinnar og innan hvaða tímafrests. Hlutverk kynningar er að leita sjónarmiða almennings í formi ábendinga og athugasemda til að aðstoða við að móta tillögu skipulags fyrir svæðið.

## 9. Ferill máls og gögn

### 9.1 Ferill máls

13.9.2023 Erindið deiliskipulag á Árskógsandi var tekið fyrir á 12. fundi Skipulagsráðs. Skipulagsráð samþykkti samhljóða með 5 atkvæðum að fela skipulagsráðgjafa að leggja drög að skipulagslýsingu fyrir októberfund ráðsins.

### 9.2 Gögn

Tillaga að deiliskipulagi skal lögð fram eftir gildandi skipulagslögum. Deiliskipulag svæðisins skal lagt fram í uppdráttum í mælikvarða 1.2000 ásamt skýringarmyndum, greinargerðum og skipulagsskilmálum.

**Tafla 3** Tímaáætlun skipulagsvinnu.

Tímasetningar verkáfanga	Tími
Skipulagslýsing lögð fram í skipulagsráði Dalvíkurbyggðar	Janúar 2024
Skipulagslýsing lögð fram í sveitastjórn	Janúar 2024
Skipulagslýsing auglýst í blöðum, á bæjarskrifstofu Dalvíkurbyggðar og á heimasíðu Dalvíkurbyggðar.	Janúar 2024
Samráðsfundur/kynningarsíða með hagsmunaaðilum og öðrum hagaðilum	Mars/Apríl 2024
Tillaga að deiliskipulagi fyrir suðursvæði Dalvíkurbyggðar	Maí 2024
Umsögn Skipulagsstofnunar og umsagnaraðila	Maí/Júní 2024
Tillaga að deiliskipulagi fyrir suðursvæði Dalvíkurbyggðar samþykkt í sveitarstjórn.	Júlí 2024

Eftir samþykkt sveitarstjórnar á fullunninni deiliskipulagstillögu er hún auglýst í B-deild Stjórnartíðinda til staðfestingar í samræmi við lög.